




DÓMSTÓLARÁÐ

ÁRSSKÝRSLA DÓMSTÓLARÁÐS OG HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

Árið 2012

Dómstólaráð
Reykjavík, maí 2013



FORMÁLI

Dómstólaráð hefur tekið saman meðfylgjandi ársskýrslu um starfsemi ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árið 2012 í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998.

Í skýrslunni er að finna helstu upplýsingar um starfsemi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna fyrir árið 2012. Árið hefur að miklu leyti einkennst af rekstri dómsmála tengdum efnahagshruninu og álagi þeim fylgjandi. Fjöldi ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta, sem mörg eiga rætur sínar að rekja til föllnu bankanna, er meiri á liðnu ári en árið á undan. Mörg þessara mála eru flókin, eiga sér ekki fordæmi, varða mörg hver mikla hagsmuni og kalla í sumum tilfellum á fjölskipaðan dóm. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna hefur vaxið ár frá ári og hefur aldrei verið hærri en árið 2012. Á sama tíma hafa dómstólarnir þurft að hagræða í rekstri sínum og er nú svo komið að hlutfall launa og húsnæðiskostnaðar af heildarrekstrarútgjöldum er komið upp í 92%, sem vart getur talist ásættanlegt. Í skýrslu dr. Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors við Háskóla Íslands, um stjórnarsýslu dómstólanna, sem kom út í maí 2011, kemur m.a. fram „að helsta ógnunin sem dómstólar standa frammi fyrir á Íslandi árið 2011 er krafan um sparnað í opinberum rekstri samhliða auknu álagi í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Krafan um sparnað ógnar ekki bara stjórnunarlegu sjálfstæði þeirra, með því að gefa fjárveitingarvaldinu aukin tækifæri til inngripa, heldur einnig afköstum þeirra.“

Í ljósi þess háa hlutfalls sem launagreiðslur og fastur húsnæðiskostnaður eru af heildarútgjöldum héraðsdómstólanna er lítið sem ekkert svigrúm eftir til þess að sinna nauðsynlegum þáttum í innri starfsemi héraðsdómstólanna. Er það ekki síst áhyggjuefni í ljósi þess sérstaka ástands sem ríkt hefur í starfsumhverfi héraðsdómstólanna á liðnum árum og þeirra auknu krafna sem gerðar hafa verið til dómstólanna á sama tíma.

Reykjavík maí 2013

Ólöf Finnsdóttir
framkvæmdastjóri

Símon Sigvaldason
formaður

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	1
Dómstólaráð - almennar upplýsingar	4
Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs	4
Ráðsmenn.....	4
Starfsmenn ráðsins.....	4
Fjármál.....	5
Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2012	6
Héraðsdómstólar – almennar upplýsingar.....	8
Kynning embætta, staðsetning og stærð	8
Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna.....	9
Sérfróðir meðdómsmenn.....	10
Héraðsdómstólar í tölum	11
Fjöldi dómsmála á árinu 2012 og samanburður milli ára.....	11
Fjöldi mála eftir málaflokkum	13
Munnlega flutt einkamál.....	13
Skriflega flutt einkamál	15
Sakamál og sundurliðun ákærumála	16
Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta	17
Gjaldþrotaúrskurðir.....	18
Gjaldþrotaskiptabeiðnir	19
Rannsóknarúrskurðir	19

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Þróun heildarmála fjölda héraðsdómstólanna.....	11
Mynd 2. Þróun munnlega fluttra einkamála	13
Mynd 3. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála	14
Mynd 4. Þróun fjölda skriflegra fluttra einkamála.....	15
Mynd 5. Málsmeðferðartími skriflega fluttra einkamála.....	16
Mynd 6. Þróun fjölda innkominna ákærumála	17
Mynd 7. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta	17
Mynd 8. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða	18
Mynd 9. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna.....	19
Mynd 10. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða.....	19

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Útgjaldaskipting dómstólanna 2012.....	5
Tafla 2. Rekstargjöld dómstólanna 2012.....	5
Tafla 3. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna	9
Tafla 4. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2012.....	10
Tafla 5. Sundurliðun fjölda mála milli dómstóla í samanburði við árið 2011.....	12
Tafla 6. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála	14
Tafla 7. Málsmeðferðartími skriflega fluttra einkamála.....	15
Tafla 8. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála.....	16
Tafla 9. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða - einstaklingar og lögaðilar.....	18

Dómstólaráð - almennar upplýsingar

Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs

Helstu verkefni dómstólaráðs, samkvæmt lögum um dómstóla nr. 15/1998, eru að fara með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna, setja samræmdar reglur fyrir héraðsdómstólana, gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla, ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana auk útgáfu ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Almenn ber ráðinu að stuðla að því að gætt sé skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála. Þá fer ráðið með forsvar héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Dómstólaráði ber að skipuleggja endurmenntun dómara og löglærðra starfsmanna dómstólanna. Verkefni dómstólaráðs eru ekki tæmandi talin í dómstólalögunum en sem dæmi um önnur verkefni sem ráðið sinnir eru tölvu- og upplýsingamál héraðsdómstólanna og símenntun annarra starfsmanna en dómara og löglærðra aðstoðarmanna.

Ráðsmenn

Í dómstólaráði eiga sæti fimm menn sem ráðherra skipar. Tveir eru kjörnir af héraðsdómurum, tveir eru kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstólana úr þeirra hópi en einn ráðsmaður er skipaður af innanríkisráðherra án tilnefningar. Skipunartími í dómstólaráði er fimm ár og rennur skipunartími eins ráðsmanns út hvert ár. Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður dómstólaráðs sem fulltrúi dómara, varamaður hans er Hervör Þorvaldsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, þau eru skipuð til 15. maí 2016. Aðrir ráðsmenn eru: Þorgerður Erlendsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, fulltrúi dómara, varamaður hennar er Arngrímur Ísberg héraðsdómari, skipuð til 15. maí 2015. Benedikt Bogason, dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands, fulltrúi dómstjóra var í leyfi á árinu 2012 vegna setningar við Hæstarétt Íslands þar til hann var skipaður hæstaréttardómari við sama dómstól 1. október 2012. Hjörtur O. Aðalsteinsson¹, dómstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, tók sæti hans í ráðinu sem varamaður dómstjóra, varamaður hans er Halldór Halldórsson, dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra, skipaðir til 15. maí 2017. Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, fulltrúi dómstjóra var í leyfi á árinu 2012 vegna setningar við Hæstarétt Íslands þar til hann var skipaður hæstaréttardómari við sama dómstól 1. október 2012. Þorgeir Ingi Njálsson², dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness, tók sæti hans í ráðinu sem varamaður dómstjóra, en þeir voru skipaðir til 1. júlí 2013. Fulltrúi ráðherra er Þórdís Ingadóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík, varamaður hennar er Hrefna Friðriksdóttir, lektor við Háskóla Íslands, skipaðar til 1. júlí 2014. Dómstólaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Starfsmenn ráðsins

Hjá dómstólaráði starfa Ólöf Finnsdóttir, framkvæmdastjóri í fullu starfi, Sara Björg Sigurðardóttir, sérfræðingur í 70% starfi og Ásdís Birna Stefánsdóttir, prófarkalesari í 60% starfi, en hún annast lestur fyrir aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur.

¹ Hjörtur O. Aðalsteinsson var kjörin aðalmaður sem fulltrúi dómstjóra 15. maí 2012 og skipaður sem slíkur í kjölfarið.

² Þorgeir Ingi Njálsson var kjörinn aðalmaður sem fulltrúi dómstjóra í lok árs 2012 og skipaður sem slíkur í kjölfarið.

Fjármál

Dómstólaráð fer með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og skiptir á milli þeirra fé sem þeim er veitt í einu lagi með fjárlögum.

Á árinu 2012 nam heildarrekstur héraðsdómstólanna 1.342 m.kr. Í töflu 1 má sjá útgjalda-skiptingu dómstólanna fyrir árið 2012. Þar sést að 83% af útgjöldum héraðsdómstólanna er launakostnaður. Næst stærsti útgjaldaliður þar á eftir er húsnæðiskostnaður með 9% hlut af heildarútgjöldum.

Á liðnu ári réðst innanríkisráðuneytið í úttekt á rekstri héraðsdómstólanna, með samþykki dómstólaráðs, í ljósi þess að í verulegan fjárhagsvanda stefndi á komandi ári ef ekkert yrði aðhafst. Dómstólaráð samþykkti í kjölfarið að formaður og framkvæmdastjóri funduðu með hverjum og einum dómstjóra til þess að ræða nauðsynlegan niðurskurð á rekstrarkostnaði með hliðsjón af fyrirbyggjandi fjárframlögum til rekstrarins á árinu 2013.

Tafla 1. Útgjaldaskipting dómstólanna 2012³

	Milljónir kr.	Hlutfall
Laun ⁴	1.114	83%
Ferðir og fundir	11	0,8%
Rekstrarvörur	18	1,4%
Aðkeypt þjónusta ⁵	57	4,3%
Húsnæði	122	9,0%
Rekstrarkostnaður	20	1,5%
Samtals	1.342	100%

Tafla 2. Rekstargjöld dómstólanna 2012

	Milljónir kr.	Hlutfall
Dómstólaráð ⁶	77	5,8%
Sérfróðir meðdómsmenn	61	4,6%
Héraðsdómur Reykjavíkur	666	49,6%
Héraðsdómur Reykjaness	236	17,6%
Héraðsdómur Vesturlands	41	3,1%
Héraðsdómur Vestfjarða	38	2,8%
Héraðsdómur Norðurlands vestra	31	2,3%
Héraðsdómur Norðurlands eystra	75	5,5%
Héraðsdómur Austurlands	35	2,6%
Héraðsdómur Suðurlands	82	6,1%
Samtals	1.342	100%

³Ársreikningstölur fyrir árið 2012 úr Orra fjárhagskerfi ríkisins.

⁴Um er að ræða laun og launatengd gjöld starfsmanna dómstólanna og sérfróðra meðdómsmanna.

⁵Dæmi um liði sem falla undir aðkeypta þjónustu má nefna rekstur málaskrár, heimasíðu, hugbúnaðarleyfi, nettengingar, tölvuþjónustu og skjala- og öryggismál.

⁶Dómstólaráð sér um rekstur og umsýslu málaskrár fyrir héraðsdómstólana, grunnþjónustu vegna tölvumála, netföng, netaðgang og rekstur heimasíðu www.domstolar.is.

Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2012

Dómstólaráð hélt 13 reglulega fundi á árinu auk funda vegna stefnumótunarvinnu. Skrifstofa dómstólaráðs afgreiddi samkvæmt bréfabók samtals 490 erindi, 213 erindi voru innsend, útsend erindi voru 254, 113 formleg bréf voru rituð en 380 tölvubréf voru send, bæði sem formleg og óformleg erindi. Erindi sem bárust skrifstofu dómstólaráðs voru einkum fyrirspurnir er varða starfsemi héraðsdómstólanna frá ráðuneytum, stofnunum, Alþingi, lögmannsstofum, einstaklingum og fjölmiðlum. Flest erindin frá opinberum aðilum vörðuðu beiðnir um samantekt á tölfraðilegum upplýsingum um hina ýmsu málaflokka héraðsdómstólanna. Þess utan fékk skrifstofa ráðsins margvísleg símtöl, ábendingar og fyrirspurnir er vörðuðu starfsemi og starfsumhverfi héraðsdómstólanna.

Stefnumótun héraðsdómstólanna

Í upphafi árs 2012 réðst dómstólaráð í umfangsmikla stefnumótunarvinnu fyrir dómstólaráð og héraðsdómstólana fyrir árin 2012-2015. Tilgangur þeirrar vinnu var fyrst og fremst að skilgreina frekar þau stjórnsýsluverkefni sem hvíla annars vegar á dómstólaráði og hins vegar á hverjum dómstól fyrir sig og forgangsraða þeim verkefnum ásamt því að finna leiðir að því að þoka þeim verkefnum áfram.

Aðalmenn og varamenn ráðsins tóku þátt í þeirri vinnu og hafði breiður hópur starfsmanna aðkomu að verkefninu sömuleiðis. Haldinn var fundur með stjórn Lögmannafélags Íslands þar sem helstu áherslurættir stefnunnar voru kynntir auk fundar með stjórn Ákærendafélagsins. Þá voru í lokin drög að stefnunni send öllum starfsmönnum héraðsdómstólanna til athugasemda. Ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra réttarfars og stjórnsýslu var kynnt stefnan þegar hún lá fyrir samþykkt í maímánuði.

Til grundvallar stefnumótunarvinnu dómstólaráðs lágu fyrst og fremst ákvæði dómstólalaga, skýrsla dr. Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors við Háskóla Íslands, frá maí 2011, „[Stjórnsýsla dómstólanna](#)“, og niðurstöður frá málþingi dómstólaráðs um stjórnsýslu dómstólanna í október 2011. Dómstólaráð skilgreindi það sem meginhlutverk héraðsdómstólanna að tryggja rétt allra til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstól. Þá var samþykkt að sjálfstæði, traust, skilvirkni og gagnsæi væru þau gildi sem dómstólarnir skyldu hafa að leiðarljósi í starfsemi sinni hverju sinni. Markmið voru skilgreind í stefnunni og aðgerðaráætlun skrifuð með lýsingu á því hvernig settum markmiðum skyldi náð. [Stefna héraðsdómstólanna](#) og dómstólaráðs fyrir árin 2012-2015 var samþykkt á fundi dómstólaráðs 15. maí 2012.

Málþing og starfsdagur á Hótel Selfossi

Þann 7. september sl. boðaði dómstólaráð til málþings og starfsdags á Hótel Selfossi í tilefni af því að 1. júlí 2012 voru 20 ár liðin frá gildistöku ákvæða laga nr. 82/1989 um aðskilnað framkvæmdavalds og dómsvalds og héraðsdómstólarnir tóku til starfa í núverandi mynd. Af því tilefni þótti rétt að líta um öxl og rýna hvernig til hefði tekist í starfsemi héraðsdómstólanna á liðnum árum. Til málþingsins var boðið fulltrúum lagadeilda háskólanna, formanni Lögmannafélags Íslands, ríkissaksóknara, auk innanríkisráðherra. Eftir hádegi hófst starfsdagur héraðsdómstólanna þar sem starfsmenn unnu út frá

ákveðnum þáttum úr samþykktri stefnu héraðsdómstólanna. Þau verkefni sem tekin voru til umræðu voru: vitnastuðningur og upplýsingagjöf, endurmenntun dómara, endurmenntun annarra starfsmanna, siðareglur dómara og starfsmanna dómstóla, orlofstaka og afleysingar og innri vefur héraðsdómstólanna.

Opið hús héraðsdómstólanna

Þann 22. september 2012 var opið hús hjá héraðsdómstólunum í tilefni 20 ára starfsafmælis þeirra, en að undirbúningi stóð hópur starfsmanna dómstólanna. Markmiðið var að opna dómhúsin fyrir almenningi, kynna starfsemina og starfsumhverfi dómstólanna sérstaklega. Fjórir af átta dómstólum tóku á móti gestum en það voru Héraðsdómur Austurlands, Héraðsdómur Reykjaness, Héraðsdómur Reykjavíkur og Héraðsdómur Suðurlands. Þar gafst gestum og gangandi kostur á að spyrja út í starfsemi dómsins, koma með ábendingar og ræða við starfsfólk. Í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur voru sett á svið sýndarréttarhöld í samvinnu við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og komu margir til að fylgjast með.

Önnur helstu verkefni

Endurskoðaðar viðmiðunarreglur um málskostnaðarákvarðanir voru lagðar fram og samþykktar á fundi dómstólaráðs 13. janúar 2012. Í kjölfar tilmæla innanríkisráðuneytisins, varðandi endurskoðun verklags er lýtur að innkaupum, samþykkti dómstólaráð á fundi 18. apríl 2012 innkaupastefnu fyrir héraðsdómstólana sem m.a. er ætlað að auka yfirsýn og hagkvæmni í öllum innkaupum. Þá var á fundi dómstólaráðs 18. apríl 2012 samþykkt skjalastefna fyrir dómstólaráð og héraðsdómstólana sem ætlað er að stuðla enn frekar að samræmdri meðferð skjala hjá dómstólunum með það að markmiði að fullnægja ákvæðum laga þar um, auka yfirsýn, öryggi og rekjanleika gagna. Starfshópur um formskjöl og staðlaðar bókanir lauk störfum um mitt ár og voru skjölin gerð aðgengileg öllum starfsmönnum. Á fundi dómstólaráðs 13. nóvember 2012 samþykkti ráðið framlagða öryggisstefnu fyrir héraðsdómstólana.

Ýmsum verkefnum var ýtt úr vör á árinu og má þar nefna að fagráð um endurmenntun dómara og annarra löglærðra starfsmanna var skipað, starfshópur um endurskoðun reglna um birtingu dóma var skipaður, starfshópur um hagkvæmni og skilvirkni hóf störf, starfshópur um samráð í vímuefnavörnum kom saman sem og starfshópur, með aðkomu Dómarafélags Íslands, sem ætlað var að skoða hvort birta eigi upplýsingar um aukastörf dómara.

Erlent samstarf

Reglubundinn fundur forstöðumanna norrænu dómstólaráðanna var að þessu sinni haldinn í Málmei í Svíþjóð dagana 29.-31. ágúst síðastliðinn. Framkvæmdastjóri dómstólaráðs sótti fundinn ásamt rekstrar- og mannauðsstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Á fundinum kynntu Svíar m.a. þróun rafrænnar málsmeðferðar og nýsmíði málaskrár sem verið er að taka í notkun. Endurmenntunarmál dómara og annarra starfsmanna dómstólanna voru rædd, svo

og rekstrarframlög til dómstólanna, auk öryggismála dómstólanna sem voru einnig í brennidepli. Þá röktu Norðmenn ítarlega allan undirbúning og utanumhald dómstólaráðs vegna reksturs Breiviksmálsins, stærsta sakamáls í sögu Noregs við Oslo tingrett.

Vefsíða dómstólaráðs

Dómstólaráð heldur utan um og rekur heimasíðuna www.domstolar.is. Á heimsíðunni má finna upplýsingar um hvern dómstól fyrir sig, tölfræði, dómaleitarvél, fréttir af starfseminni og margvíslegar aðrar upplýsingar um starfsemi héraðsdómstólanna og dómstólaráðs. Héraðsdómstólar - almennar upplýsingar

HÉRAÐSDÓMSTÓLAR – ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Kynning embætta, staðsetning og stærð

Héraðsdómur Reykjavíkur

Í Dómhúsinu við Lækjartorg er aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og heyra sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur undir umdæmi hans. Dómstjóri er Ingimundur Einarsson. Við dómstólinn starfa 24 dómarar auk dómstjóra, 6 aðstoðarmenn, 11 dómrítarar og 8 aðrir starfsmenn.

Héraðsdómur Vesturlands

Í Borgarnesi er aðsetur Héraðsdóms Vesturlands og heyra Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Allan V. Magnússon. Við dómstólinn starfar einn aðstoðarmaður og einn dómritari.

Héraðsdómur Vestfjarða

Á Ísafirði er aðsetur Héraðsdóms Vestfjarða og heyra Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árnes-hreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð undir hann. Dómstjóri er Kristinn Halldórsson. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Á Sauðárkróki er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands vestra og heyra Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd undir hans umdæmi. Dómstjóri er Halldór Halldórsson. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Á Akureyri er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands eystra og heyra Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur,

Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ólafur Ólafsson. Við dómstólinn starfa tveir dómarar auk dómstjóra og þrír dómritarar.

Héraðsdómur Austurlands

Á Egilsstöðum er aðsetur Héraðsdóms Austurlands og heyra Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótshálfshérað, Fljótshálfshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hildur Briem. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Héraðsdómur Suðurlands

Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hjörtur O. Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa tveir dómarar auk dómstjóra, tveir dómritarar og einn aðstoðarmaður.

Héraðsdómur Reykjaness

Í Hafnarfirði hefur Héraðsdómur Reykjaness aðsetur sitt og heyra Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar undir hans umdæmi. Dómstjóri er Þorgeir Ingi Njálsson. Við dómstólinn starfa sjö dómarar auk dómstjóra, þrír aðstoðarmenn, einn skrifstofustjóri, þrír dómritarar, móttökuritari og bókarari.

Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

Dómarar héraðsdómstólanna voru samtals 38 á grundvelli 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 þar til þeim var fjölgað tímabundið í samtals 43 með lögum nr. 147/2009 er tóku gildi 1. janúar 2010. Tafla 3 sýnir fjölda dómara, aðstoðarmanna og annarra starfsmanna héraðsdómstólanna á árunum 2010-2012.

Tafla 3. Fjöldi stöðugilda héraðsdómstólanna

	Dómarar ⁷			Aðstoðarmenn			Aðrir starfsmenn		
	2010 ⁸	2011	2012	2010	2011	2012	2010	2011	2012
HDR	23,7	25	25	7,5	5,5	6	19,5	17	18
HDVL	1	1	1	1	1	1	1	1	1
HDVF	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDNV	1	1	1	0	0	0	1	1	1
HDNE	3	3	3	0	0	0	2	2	2
HDAL	1	1	1	0,27	0,33	0	1	1	1
HDSL	2,8	3	3	1	1	1	2	2	2
HDRN	7,6	8	8	2	2,71	3	6	6	6
Samtals	41,1	43	43	9,57	11,5	11	34,5	31	32
Dómstólaráð	2,2	2,2	2,2						

⁷ Stöðugildi sýna fjölda dómara og dómstjóra við héraðsdómstólana. Starfshlutfall dómstjóra sem dómara er mismunandi eftir dómstólum.

⁸ Frá og með 15. maí 2010 voru 5 nýir dómarar skipaðir og reiknast því ekki „heil“ stöðugildi á árinu 2010.

Sérfróðir meðdómsmenn

Þegar deilt er um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dóm til að leysa úr getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu. Eins ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er mögulegt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna við héraðsdómstólana nam 61 m.kr. á árinu 2012 sem er 4,5% af heildarútgjöldum dómstólanna. Kostnaður vegna launa sérfróðra meðdómsmanna hefur aukist verulega undanfarin ár eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er sýnir þróun í launakostnaði til sérfróðra meðdómsmanna frá árinu 2008-2012.

Tafla 4. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2012


Ártal	Upphæð í milljón.kr.
2008	36
2009	42
2010	41
2011	48
2012	61

HÉRAÐSDÓMSTÓLAR Í TÖLUM⁹

Fjöldi dómsmála á árinu 2012 og samanburður milli ára

Að neðan getur að líta yfirlit yfir heildarfjölda þeirra mála sem bárust héraðsdómstólunum á árunum 2000-2012. Á árinu 2012 fækkaði heildarfjölda skráðra mála hjá héraðsdómstólunum frá 19.708 á árinu 2011 í 17.757 á árinu 2012.

Mynd 1. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna



Á töflu 5 sést sundurliðun allra mála sem bárust héraðsdómstólunum eftir tegund þeirra á árinu 2012. Í töflunni er hægt að sjá samanburð við fjölda mála á árinu 2011, hlutfallslega breytingu milli ára og sundurliðun fjölda mála eftir héraðsdómstólunum átta.

⁹Á heimasíðu dómstólaráðs <http://www.domstolar.is> er að finna tölfræðiupplýsingar sem uppfærðar eru reglulega.

Tafla 5. Sundurliðun fjölda mála milli dómstóla í samanburði við árið 2011


	HDR	HDRN	HDVL	HDVF	HDNV	HDNE	HDAL	HDSL	Samtals	2011	Breyting í %
Aðfararbeiðnir	1.162	538	40	8	13	33	19	63	1.876	1.007	86%
Innsetningarbeiðnir	155	93	18	4	2	15	14	23	324	189	71%
Útburðarbeiðnir	228	157	15	3	3	13	0	17	436	450	-3%
Bráðabirgðaforsjá- farbann	24	2	1	2	0	0	0	1	30	20	50%
Opinber skipti	45	43	8	0	2	7	5	11	121	153	-21%
Einkamál	4.441	1.721	197	78	69	330	112	267	7.215	7.931	-9%
Munnlega flutt	803	207	16	8	9	59	17	34	1.153	980	18%
Skriflega flutt	3.638	1.514	181	70	60	271	95	233	6.062	6.951	-13%
Flýtimeðferðarmál	5	0	0	0	0	1	0	0	6	15	-60%
Gjaldþrotaskipti	1.425	736	56	37	20	110	51	267	2.702	3.011	-10%
Horfnið menn	1	2	0	0	0	0	0	0	3	0	
Greiðslustöðvunarbeiðnir	2	0	0	0	0	1	2	0	5	2	150%
Ágreiningsmál-kyrrset., lögbann	11	1	0	0	0	0	0	0	12	11	9%
Lögræðismál	69	33	1	0	2	16	3	2	126	124	2%
Matsmál	138	35	5	1	2	12	4	10	207	236	-12%
Nauðasamningsumleitanir	27	18	2	0	0	2	0	0	49	33	48%
Sjópróf	0	1	0	0	0	0	0	0	1	2	-50%
Ágreiningsmál- dánarbúskipti o.fl.	17	6	0	1	1	1	0	2	28	25	12%
Rannsóknarúrskurðir	615	566	30	32	4	48	12	48	1.355	1.231	10%
Gæsluvarðhaldsúrskurðir	188	176	6	0	0	10	0	8	388	323	20%
Húsleitarúrskurðir	83	144	7	4	3	11	3	7	262	235	11%
Opinber mál	928	1.029	212	82	77	300	86	465	3.179	5.219	-39%
Höfðuð með ákæru	843	448	125	61	43	236	35	301	2.092	2.146	-3%
Sektarboðsmál	85	581	87	21	34	64	51	164	1.087	3.073	-65%
Ágreiningsmál- þinglýsingar	0	2	0	0	0	3	1	6	12	8	50%
Barnaverndarmál	11	10	2	0	0	0	0	1	24	28	-14%
Vitnamál	34	8	0	0	0	4	0	0	46	68	-32%
Ágreiningsmál- gjaldþrotask.	650	24	4	0	1	4	0	0	683	499	37%
Ágreiningsmál- aðfarargerða	12	15	1	0	0	5	1	2	36	27	33%
Ágreiningsmál- naðungarsölu	16	8	2	0	0	1	0	1	28	30	-7%
Önnur mál	6	5	1	0	0	1	0	0	13	28	-54%
Samtals mál	9.639	4.803	562	241	191	879	296	1.146	17.757	19.708	-10%

Fjöldi mála eftir málaflokkum

Munnlega flutt einkamál


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda munnlega fluttra einkamála á tímabilinu frá árinu 2000-2012. Munnlega fluttum einkamálum fjölgaði á árinu samanborið við 2011, en þau voru samtals 980 á árinu 2011 en 1.153 á árinu 2012.

Mynd 2. Þróun munnlega fluttra einkamála



Á mynd 3 má sjá málsmeðferðartíma og lyktir munnlega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum fyrir árið 2012. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls hefur lengst að meðaltali um fjóra daga, var 345 dagar á árinu 2012 í samanburði við 341 dag á árinu 2011.

Mynd 3. Málsmeðferðartími og afgreiðsla munnlega fluttra einkamála



Í töflu 6 má sjá nánari sundurliðun fjölda munnlega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum fyrir árið 2012 skipt niður í tímabil miðað við lyktir máls og einnig fjölda ólokinna mála í árslok.


Tafla 6. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála

	<1 mán	1-2 mán	2-3 mán	3-6 mán	6-9 mán	9-12 mán	>12 mán
Dómar	23	82	117	141	174	50	6
Frávísun	2	22	16	7	11	2	1
Sátt	14	27	27	25	34	6	1
Fellt niður	27	56	36	27	35	14	1
Sameinað	5	4	1	0	0	0	1
Úrskurður	0	2	1	0	0	0	1
Samtals afgreitt	71	194	198	200	254	72	1
Óafgreitt í lok árs	114	129	262	148	160	50	1

Skriflega flutt einkamál

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda skriflega fluttra einkamála frá árinu 2007-2012. Skriflega fluttum einkamálum fækkaði á árinu samanborið við 2011, en þau voru samtals 6.951 á árinu 2011 en 6.062 á árinu 2012.

Mynd 4. Þróun fjölda skriflegra fluttra einkamála




Í töflu 7 má sjá nánari sundurliðun fjölda skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum fyrir árið 2012 skipt niður í tímabil miðað við lyktir máls og fjölda ólokinna mála í árslok.

Tafla 7. Málsmeðferðartími skriflega fluttra einkamála

	<1 mán	1-2 mán	2-3mán	3-6 mán	6-9 mán	9-12 mán	>12 mán
Áritun	2.027	1406	348	147	19	5	25
Frávísun	8	5	1	2	2	0	1
Sátt	648	33	30	17	4	1	3
Fellt niður	96	100	1.050	114	21	7	19
Sameinað	6	2	0	0	0	0	0
Úrskurður	1	0	0	0	0	0	0
Samtals afgreitt	2.931	1.644	570	339	56	14	58
Óafgreitt í lok árs	394	354	229	108	52	22	81

Á mynd 5 má sjá málsmeðferðartíma og lyktir skriflega fluttra einkamála hjá héraðs-dómstólunum fyrir árið 2012. Meðalmálsmeðferðartími skriflega flutts einkamáls var 43 dagar á árinu 2012 í samanburði við 44 daga á árinu 2011.

Mynd 5. Málsmeðferðartími skriflega fluttra einkamála.



Sakamál og sundurliðun ákærumála

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun sakamála eftir ákærandra hverju sinni á árinu 2012 samanborið við árið 2011 og hlutfallsbreytingu í fjölda mála milli áranna. Sakamálum hefur fækkað á árinu samanborið við 2011, en þau voru samtals 5.219 á árinu 2011 en 3.179 á árinu 2012.

Tafla 8. Fjöldi sakamála og sundurliðun ákærumála


	2011	2012	breyting milli ára
Fjöldi ákærumála¹⁰	2146	2092	-2,5%
-Ríkissaksóknari	193	180	-6,7%
-Ríkislögreglustjóri	8	1	-87,5%
-Sérstakur saksóknari	6	47	683,3%
-Lögreglustjóri	1939	1864	-3,9%
Sakamál samtals¹¹	5219	3179	-39,1,9%

¹⁰ Ákærendur eru ríkissaksóknari, ríkislögreglustjóri, sérstakur saksóknari og lögreglustjóri. Sérstakur saksóknari fer nú með saksókn efnahagsbrota eftir sameiningu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og embættis sérstaks saksóknara.

¹¹ Þar með talin sektaboðsmál sem voru samtals 3.073 á árinu 2011 en samtals 1.087 á árinu 2012.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda innkominna ákærumála frá árinu 2000-2012. Fjöldi ákæra hefur fækkað á árinu samanborið við árið 2011, en þau voru samtals 2146 á árinu 2011 en 2092 á árinu 2012.


Mynd 6. Þróun fjölda innkominna ákærumála



Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda ágreiningsmála sem rísa við gjaldþrotaskipti á tímabilinu frá árinu 2000-2012. Ágreiningsmálum fjölgaði á árinu samanborið við árið 2011, en þá voru þau samtals 499 mál, en samtals 683 á árinu 2012.

Mynd 7. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta



Gjaldþrotaúrskurðir


Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir kyni og lögaðila á tímabilinu 2002 til ársins 2012. Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaúrskurða einstaklinga hefur aukist frá því að vera samtals 185 á árinu 2011 í 291 á árinu 2012. Gjaldþrotaúrskurðum lögaðila hefur fækkað á árinu samanborið við árið 2011, þá voru gjaldþrotaúrskurðir lögaðila 1.577 en 1.110 á árinu 2012.

Tafla 9. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða - einstaklingar og lögaðilar

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Konur	115	96	55	35	26	35	38	13	18	24	55
Karlar	252	293	220	160	89	118	163	99	121	161	236
Lögaðilar	574	690	615	541	566	655	756	918	989	1.577	1.110

Á mynd 8 má sjá sömu upplýsingar um þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða á tímabilinu 2002 til ársins 2012.


Mynd 8. Þróun fjölda gjaldþrotaúrskurða



Gjaldþrotaskiptabeiðnir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda gjaldþrotabeiðna frá árinu 2000-2012. Beiðnunum fækkaði á árinu samanborið við árið 2011, en þá voru þau samtals 3011 mál en samtals 2702 á árinu 2012.

Mynd 9. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna



Rannsóknarúrskurðir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda uppkveðinna úrskurða á grundvelli rannsóknar sakamáls á tímabilinu 2000 til ársins 2012. Fjöldi uppkveðinna rannsóknarúrskurða hefur aukist frá því að vera samtals 1.231 á árinu 2011 í 1.361 á árinu 2012.

Mynd 10. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða

